

Nr. 18-134 S 089 Golan ÁR 21**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7414
Útgerð: Litlacy ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður 1995, plast
Stærð: 7,03 bt. 8,41 brl.
Mesta lengd: 8,98 m Skráð lengd: 8,97 m
Breidd: 2,82 m Dýpt: 1,77 m
Vél: Cummins 186 kw, 1995
Fjöldi skipverja: 1



Golan©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júlí 2018 var strandveiðibáturinn Golan ÁR 21 á siglingu á SV miðum. Veður: (*Selvogur*) ASA 6-11 m/s.

Á siglingunni fékk báturinn í skrúfuna og óskaði skipstjórinn eftir aðstoð. Hann náði þó að losa úr skrúfunni og sigla til hafnar í Þorlákshöfn. Unnur ÁR 10 fylgdi honum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi að drauganet (netadræsa) hafi farið í skrúfuna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.